

L Ö G

22

19. júní

um viðauka við lög nr. 20 27. júní 1925, um heimild til að veita lán úr
Bjargráðasjóði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 20 27. júní 1925, um heimild til að veita lán úr
Bjargráðasjóði, komi svo hljóðandi málsgrein:

d. sýslufélögum, til að fyrirbyggja kornvöruskort vegna samgöngutálma af
hafisvöldum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Þorsteinn Briem.

L Ö G

23

19. júní

um afnám laga nr. 21 19. júní 1922, um að veita ríkinu einkarétt til þess að selja
allt silfurberg, sem unnið verður á Íslandi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 21 19. júní 1922 eru með lögum þessum úr gildi numin.

23

19. júní

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

*Þorsteinn Briem.***24**

19. júní

L Ö G**um breyting á lögum nr. 32 frá 1931, um búfjárrækt.**

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldiuborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir orðunum „taka þátt í sameiginlega kostnaðinum, sbr. 3. gr.“ í
1. mgr. 7. gr. laganna komi: og má taka hið niðurjafnaða gjald lögtaki.

Orðin „nema hálfan“ í 2. mgr. sömu greinar falli niður.

2. gr.

Á eftir orðunum „lög nr. 19, 15. júní 1926“ í 89. gr. laganna komi: lög
nr. 27 7. maí 1928.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Þorsteinn Briem.